

## Reglur um styrkveitingar fræðslusviðs vegna nýsköpunar- og þróunarsjóðs



1. Markmið með nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðslusviðs er að stuðla að nýsköpun, framþróun og öflugu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjaneshbæ.
2. Skólastjórar, kennarar og aðrir fagaðilar í leik- og grunnskólum Reykjaneshbæjar geta sótt um í sjóðinn. Hægt er að sækja um í sjóðinn fyrir samstarfsverkefni milli skóla eða skólastiga.
3. Sækja skal um styrk á heimasíðu Reykjaneshbæjar á þar til gerðu umsóknarformi fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert.
4. Skólastjóri skal samþykkja umsóknina. Ef fleiri en einn skóli sækja sameiginlega um senda báðir/allir skólastjórar samþykki sitt.
5. Árlega eru skilgreindir áherslupættir sjóðsins sem tilgreindir eru þegar auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn að vori ár hvert.
6. Umsóknir eru metnar af matsteymi, skipað starfsmönnum fræðslusviðs. Tekið er mið af markmiðum verkefnisins, tengingu þess við áherslupætti sjóðsins ár hvert, framkvæmdaáætlun, matsáætlun, kostnaðarmati og væntanlegum árangri og ávinningi þess fyrir skolasamfélagið í sveitarfélaginu.
7. Gerður er skriflegur samningur við styrkþega þar sem fram koma; yfirmarkmið verkefnis, ábyrgðarmaður verkefnis, tímasettir áfangar, umsjónarmenn verkefnis og áætluð verklok. Einnig er þar tilgreindur styrkur sá sem verkefninu hefur verið úthlutað.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er  $1/2$  styrksins greiddur út og  $1/2$  þegar greinargerð hefur verið samþykkt.
9. Styrkþegi skilar greinargerð á sérstöku formi um verkefnið þegar því er lokið. Einnig skal styrkþegi kynna niðurstöður sé þess óskað.

Samþykkt á fundi fræðsluráðs Reykjaneshbæjar  
6. mars 2020  
og uppfærðar á fundi fræðsluráðs 14. maí 2021

---

Helgi Arnarson  
sviðstjóri fræðslusviðs